

Í námsstjórn eiga sæti fastráðnir kennarar við þjóðfélagsfræðanámsbrautina, einn fulltrúi tilnefndur til tveggja ára af forseta viðskiptadeildar úr hópi prófessora deildarinnar, og er hann formaður, tveir fulltrúar tilnefndir til tveggja ára af háskólaráði úr hópi prófessora, dósentna og lektora, og tveir fulltrúar stúdenta tilnefndir af aðalfundi félags stúdenta í almennum þjóðfélagsfræðum.

Við tilnefningu í námsstjórn skal háskólaráð leitast við að tilnefna kennara í kennslugreinum, sem mikilvægar eru á námsbrautinni og ekki eiga þegar fulltrúa í stjórninni.

Skipan, hlutverk og starfshætti námsstjórnar skal ákveða nánar í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. ágúst 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 5. júní 1970 á tillögu menntamálaráðherra um eftirfarandi breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum:

1. gr.

42. gr. b. hljóði þannig:

Aðgang að 1. árs námi í læknadeild hafa þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi við íslenska menntaskóla eða öðru tilsvareandi prófi.

Sé fjöldi stúdenta, sem stent 1. árs próf, meiri en svo að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma, getur deildin takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Jafnan skal þó a. m. k. 24 stúdentum veittur kostur á að halda áfram námi. Skal ákvörðunin hverju sinni tilkynnt fyrir upphaf þess misseris, er prófið er haldið. Réttur stúdenta til framhaldsnáms skal miðaður við árangur 1. árs prófs eftir nánari ákvörðun deildarinnar.

Þeir stúdentar, sem standast 1. árs próf, en eiga ekki kost á að halda áfram námi, svo og þeir, sem standast ekki próf, mega endurtaka prófin næsta ár, og keppa þá við nýstúdentna á jafnréttisgrundvelli.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. júní 1970.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.